

19 AUG 2016

Reykjavík
12.8.2016 Bréfalykill: 40.0

Mosfellsbær skrifstofa
Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Samstarf um þróun og uppbyggingu á Sunnukrika 3-9

Leigufélagið Bestla óskar eftir samstarfi við Mosfellsbæ um þróun og uppbyggingu lóða að Sunnukrika 3 – 9. Hugmyndir Leigufélagsins Bestlu ganga út á að svæðið verði þróað með það að leiðarljósi að byggja upp þjónustukjarna í hverfinu sem laðar að ferðamenn. Þjónustukjarninn gæti innihaldið t.d. hótél, veitingastaði, verslanir tengdar útiveru, þjónustufyrirtæki tengd ferðamannaíðnaðinum o.s.frv.


Samkvæmt spám sem hafa verið birtar að undanfögnu, er gert ráð fyrir að fjölgun ferðamanna muni halda áfram að aukast næstu árin. Mikil tækifæri felast í því að nýta þá miklu umferð sem er um Vesturlandsveg, þannig að ferðamenn stoppi við í Mosfellsbæ og nýti þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Svæðið að Sunnukrika 3-9 er vel staðsett og sýnilegt frá Vesturlandsvegi, sem skapa tækifæri í þjónustu og verslun. Því eru miklir hagsmunir fyrir Mosfellsbæ að vel sé staðið að þróun og uppbyggingu á svæðinu.

Töluverð uppbygging íbúðarhúsnæðis á sér stað í Mosfellsbæ um þessar mundir og mikil tækifæri felast í að efla atvinnuuppbyggingu innan Mosfellsbæjar, svo íbúar geti sótt sína vinnu innan síns sveitafélags. Teljum við að hugmyndir okkar að uppbyggingu hótels og þjónustukjarna gæti verið mikil lyfti stöng fyrir atvinnulífið í Mosfellsbæ.

Leigufélagið Bestla óskar eftir að gera samstarfssamning við Mosfellsbæ sem mun gilda í 6 mánuði frá undirritun. Í því felst að Leigufélagið Bestla muni útfæra og þróa svæðið í samstarfi við Mosfellsbæ, sem og kanna áhuga stærri rekstraraðila á þjónustukjarnanum við Sunnukrika.

Innan gildandi samningstíma á Leigufélagið Bestla forkaupsrétt á lóðunum að Sunnukrika 3 – 9, miðað við sömu forsendur og auglýstar eru á heimasíðu Mosfellsbæjar þann 12.8.2016.

Allur þróunarkostnaður sem fellur til af hálfu Leigufélagsins Bestlu á samningstíma er Mosfellsbæ óviðkomandi.


F.h Leigufélagsins Bestlu ehf.
Jón Ágúst Garðarsson